

19. stjórnarfundur Minjasafnsins á Akureyri haldinn 26. janúar 2021.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Kruger, Elísabet Ásgrímsdóttir, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.

Sigfús Karlsson formaður stjórnar setti fund og stýrði samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerðir til undirritunar.

Fundargerðir funda nr. 16, 17 og 18 sem áður voru samþykktar rafrænt voru undirritaðar.

2. Fundarboð frá Gásakaupstað ses um framhaldsaðalfund.

Lagt fram til kynningar. Haraldur Þór falið að vera fulltrúi safnsins á fundinum.

Fallist var á eignaskiptingu sem liggur til grundvallar starfi væntanlegrar skiptastjórnar.

3. Þjónustusamningar við önnur sveitarfélög.

Viðræður að hefjast á næstu vikum á sömu nótum og samningur við Akureyrarbæ.

4. Lífeyrismál.

Svar barst frá stjórn lífeyrissjóðsins Brúar þar sem aðild þriggja starfsmanna að A-deild sjóðsins er hafnað þar sem viðkomandi starfsmenn séu ekki launþegar hjá sveitarfélagi.

Beðið eftir útreikningi lífeyrissjóðsins og fundi með sviðstjórum fjármála og mannauðssviðs.

5. Starfið framundan.

Óvissa er varðandi komu ferðamanna í sumar. Bókunarstaða góð en óvíst hvort ferðamenn vilji eða geti komið.

Fundarfólk fól safnstjóra að hafa frumkvæði að því að safnaklasinn komi sér á framfæri.

Safnstjóri fór yfir umsóknir sem sendar voru í Safnasjóð vegna úthlutunar 2021:

Safnasjóður:

1. Safnið í símann.
2. Tónlistarbærinn Akureyri – áframhaldandi þróun.
3. Hér stóð búð.
4. Leikfangasýning – fræðsla.
5. Davíðshús vegna viðgerðar á flygli þannig að hann verði spilhæfur..
6. Skráning Smámunasafnsins – samstarfsverkefni.

Í aukaúthlutun Safnasjóðs 2020 vegna símenntunar fékk safnið styrk í eftirtalin verkefni:

a. til að gera lítills háttar breytingar á heimasíðu safnsins og hins vegar búa til efni sem nýta má á samfélagsmiðla og heimasíðu.

b. kennslu starfsfólks í myndbandavinnslu og til að gera rafrænt námsefni.

c. til að fá sérfræðinga á sviði, varðveislu listaverka, pappírs og ljósmynda til að miðla af reynslu sinni í dagsheimsóknum á Minjasafnið á Akureyri.

SSNE:

Allar gáttir 2021 – viðburðir í Davíðshúsi

Lög unga fólksins þá og nú – viðburðir á Tónlistarsýningu

Laufás hljóðleiðsögn.

Norðurorka:

Tónlistarorkuvagninn – hljóðfæri til notkunar á sýningunni, sem verða svo gefin Tónlistarskólanum á Akureyri að lokinni sýningu.

Safnstjóri kynnti og sýndi fundarfólki þær breytingar sem hafa orðið og munu verða á fastasýningunni Akureyri bærinn við Pollinn. Þar hefur verið búið til lítið skammtímasýningarrými þar sem settar verða upp örsýningar. Þar hefur nú verið sett upp sýningin Vetrarbærinn Akureyri, fyrsta sýning af 4 í rýminu þetta árið.

Unnið er að gerð nýrrar sýningar í Nonnahúsi. Sú vinna hófst 2019.

Schulte safnið – unnið er í samvinnu við Karl-Werner Schulte að gerð á heimasíðu og útgáfu í tengslum við kortasafnið.


6. Önnur mál

Ræstingar – spurt var um fyrirkomulag ræstinga.

Safnstjóri hefur tekið þátt í vinnu við gerð Menningarstefnu ríkisins sem verður væntanlega lögð fram á vorþingi.

Safnstjóri kynnti stöðu mála á Seyðisfirði og hugsanlega aðstoð starfsmanna safnsins..

Fundargerð ritar HÞE


Sigrún Elísabet Vestarsyd.
Sigrún Rosa Sigurdard.
Elísabet f. Asgúmsdóttir
forsetinn Krúger